

Priðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 280/1996.

Próf ehf.

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Kringlunni 4-6 ehf.

(Ragnar Karlsson hrl.)

Kærumál. Útburður. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að heimilt væri að bera sóknaraðila út úr verslunarhúsnæði að Kringlunni 4-6 í Reykjavík. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um útburðargerð, svo og, að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lagt fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík, þar sem fram kemur, að útburðargerð hafi farið fram í samræmi við hinn kærða úrskurð 19. júlí 1996 og varnaraðila afhent umráð fyrrgreinds húsnæðis. Samkvæmt þessu verður sóknaraðili ekki talinn hafa lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar, sbr. dóm Hæstaréttar 15. september 1995 í máli nr. 253/1995. Verður málinu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.